

## Hagnýtar upplýsingar fyrir þá sem sagt er upp vinnu

- ✓ Vinnumálastofnun sér um afgreiðslu atvinnuleysisbóta
- ✓ Mikilvægt er að skrá sig áður en uppsagnafrestur rennur út eða strax á fyrsta virka degi í atvinnuleysi og/eða skertu starfshlutfalli
- ✓ Sækja um atvinnuleysisbætur eða bætur vegna skerts starfshlutfalls hjá Vinnumálastofnun – á höfuðborgarsvæðinu er skrifstofan að Engjateigi 11
  - Hægt að sækja um á netinu – [www.vmst.is](http://www.vmst.is)
  - Þjónustufulltrúar leiðbeina og taka við umsókn
  - Dagpeningar (kr. 6.277 á dag) eru greiddir fyrir fyrstu 10 virku dagana og síðan eru atvinnuleysisbætur 70% af launum – þó aldrei hærri en 220.729 krónur á mánuði í 3 mánuði
  - Hlutabætur eru greiddar í samræmi við skert starfshlutfall
- ✓ Þeir sem fá atvinnuleysisbætur þurfa að gæta þess að greiða áfram til stéttarfélaga til að halda réttindum sínum - Vinnumálastofnun sér um greiðslu félagsgjalda til **FBM** sé þess óskað á umsókn

### Réttindi félaga í FBM sem hafa fengið uppsögn:

- ✓ Fræðslusjóður Félags bókagerðarmanna veitir 75% styrki til náms
- ✓ Námskeið hjá Prenttæknisviði Iðunnar eru ókeypis
- ✓ Prenttæknisvið Iðunnar veitir félögum starfs- og námsráðgjöf þeim að kostnaðarlausu

### Réttindi félaga í FBM almennt:

- ✓ FBM veitir félagsmönnum lögfræðiaðstoð
- ✓ FBM veitir félagsmönnum styrk til líkamsræktar
- ✓ FBM veitir félagsmönnum styrk til sjúkráþjálfunar og endurhæfingar
- ✓ FBM veitir félagsmönnum styrk til sálfræðiþjónustu
- ✓ FBM veitir félagsmönnum styrk til kaupa á gleraugum og heyrnatækjum
- ✓ FBM veitir félagsmönnum styrk til kembileitar hjá Krabbameinsfélagi Íslands